1875

8 15da febr.

4. 3 ker undir vatn, skal 1 þeirra taka 16 tunnur, en hvort hinna tveggja að minsta kosti 4 tunnur.
5. 3 brunastiga.
6. 6 krókstjaka.
7. 1 brunavoð 15 álnir á lengd og 10 álnir á breidd.

Í bœjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar 17. dag desembermánaðar 1874.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. Ó. Finsen. O. V. Gíslason. Jóh. Ólsen. G. Þórðarson. Einar Þórðarson. H. Kr. Friðriksson.

9 17da febr.

Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).

Eptir að jeg með brjefi frá 11. febrúar f. á. hafði beðið yður herra amtmaður að útvega og senda mjer skýrslu frá hverjum einstökum hreppi í amti yðar um upphæð gjalds þess, sem samkvæmt 5. grein tilskipunar frá 25. júní 1869 um hundahald hefði verið goldið í sveitarsjóðinn fardagaárið 1872—73, og um tölu þeirra hunda, sem hafa verið haldnir í hreppnum, hefur það komið fram, að í mörgum hreppum hafi enn engin gangskör verið gjörð til að fylgja fram hinni nefndu tilskipun, sem þó náði lagagildi 1871. — Fleiri lögreglustjórar hafa tilgreint þá ástœðu fyrir þessu, að skœð hundaveiki hafi gengið hin síðustu ár um sveitirnar, og að hundar þess vegna hafi fækkað svo, að eigi hafi getað orðið spurning um óþarfa hunda, og að búendur jafnvel hafi átt örðugt með að útvega sjer hina nauðsynlegu smalahunda, en þessi vandkvæði munu nú ekki lengur eiga sjer stað, enda geta þau ekki komið í veg fyrir, að hunda framtal það, sem lögboðið er með 1. grein tilskipunarinnar fari fram á hreppaskilaþingum á vorin, að tala hunda þeirra, sem hver húsbóndi þarf með til að hirða kvikfje sitt og verja tún og engjar sínar, verði ákveðin samkvæmt 2. grein tilskipunarinnar, og að hundahaldsbók sú, sem getur um í 3. 5. og 6. grein tilskipunarinnar verði keypt.

Jeg skal því mælast til þess, að þjer herra amtmaður sjáið um, að hinum nefndu ákvörðunum framvegis verði vandlega fylgt, og að þjer leggið fyrir sýslumenn þá, sem undir yður eru skipaðir, að senda yður áleiðis til mín á hverju ári, eptirrit þau eptir hundahaldsbókunum, sem samkvæmt 6. grein tilskipunarinnar eiga að fylgja sveitareikningunum. Loksins skal jeg taka fram, að jeg býst við, að þjer og lögreglustjórar þeir, sem undir yður eru skipaðir, noti þetta tœkifœri til að brýna fyrir hreppstjórum og alþýðu, hve áríðandi það sje að gæta nákvæmlega þess, sem fyrirskipað er í 4. grein optnefndrar tilskipunar um að brenna þegar í stað sullmengað slátur og hausa af höfuðsóttar kindum, eður að grafa það svo djúpt í jörð, að hundar geti ekki náð í það.

10 27da febr.

Brjef landshöfðingja (til stiptsyfirvaldanna).

Með brjefi stiptsyfirvaldanna frá 17. þ. m. meðtók jeg erindi prófastsins í Dalasýslu sira Jóns Guttormssonar frá 27. október f. á., þar sem þess er farið á leit, að stiptsyfirvöldin skjóti því til úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland eður hans hátignar konungsins, hvort sá húsmaður, sem hefur grasnyt og geldur tíund til sveitar, eigi ekki eptir gamalli venju og ákvörðunum að greiða presti heytoll, og hvort við grasnyt eigi ekki að skiljast afnot af jörðu til beitar og slœgna fyrir málnytu og annan pening, er hann hefur sjer og sínum til framfœris. Með því að þetta mál að svo miklu leyti, sem það er umboðslegs eðlis samkvæmt 19. grein erindisbrjefs frá 29. júní 1872 sætir fullnaðarúrlausn landshöfðingjans, skal jeg biðja stiptsyfirvöldin að kynna nefndum prófasti það, er nú segir:

Eins og málið hjer liggur fyrir verður eigi úrskurðað um annað en heimild presta til